

# Plöntulisti

---

## Kvenfélagsgarðurinn Patreksfirði

Áður fyrr voru kvenfélagsgarðar sannkallaðir skrudgarðar og bæjarstáss hvers bæjar fyrir sig. Þá tíðkaðist að kvenfélagskonur sinntu viðhaldi og fegrun síns kvenfélagsgarðs. Þá var mikið um viðhaldsfrek fjölæringabeð. Í dag eru breyttir tímar og kvenfélagsgördunum er sjaldnast sinn í sjálfboðavinnu. Þar af leiðir að við getum ekki leyft okkur að hafa þá eins viðhaldsfreka og áður fyrr. Plöntulistinn er gerður með langa steinhæðabeð Kvenfélagsgarðsins í huga og samanstendur af harðgerðum, lágum runnum og harðgerðum fjölæringum sem þekja og sjá um sig sjálfir. Runnana á ekki að þurfa að klippa árlega en má snyrta (fjarlægja dauða kvisti).

### Japanskvistur, *Spiraea japonica* 'little princess'.

Lítill blómsæll skrautrunni, miðlungsharðgerður, hæð ca. 0,3 m. Bleikir blómsveipir í ágúst. Góð reynsla á Vesturlandi. Hægt að fá fleiri yrki, eins og t.d. íslenska yrkið 'Eiríkur rauði'.



### Demantsvíðir, *Salix planifolia* 'Flesja'.

Mjög harðgerð en fíngerð jarðlæg víðiplanta sem myndar þykka mottu með flöt gljáandi blöð. Kelur ekkert. Hentar vel í steinhæðir og með holtagrjóti. Þarf birtu. Hæð ca. 5 – 10 cm.



### Íslenskur einir, *Juniperus communis*.

Hluti af íslensku flórunni.

Lágvaxin sígræn planta sem finnst í íslenskri náttúru. Seinvaxinn en fallegur með 2-3 græn litbrigði. Myndar græn óeitruð en bragðlaus ber.



**Himalaya einir, *Juniperus squamata*.**

Lágvaxinn sígrænn runni sem er þegar til staðar í steinhæðinni í Kvenfélagsgarðinum. Seinvaxinn og líður best í sendnum, snauðum jarðvegi. Hæð hans í Kvenfélagsgarðinum verður líklega ekki meiri en ca. 20 – 40 cm.



**Himalaya einir 'Blue Star', *Juniperus squamata* 'Blue Star'**

Lágvaxinn sígrænn runni, mjög líkur venjulegum Himalayaeini en þessi er minni, þéttari og blárri. Breiðkúlulaga. Sérlega falleg planta. Líður best í sendnum, snauðum jarðvegi. Hæð ca. 30 – 40 cm.



**Dvergbirkikvistur, *Spirea betulifolia* var. *Aemliana*.**

Jarðlægur þekjandi kvistur með hvítum blómum og fallegum haustlitum. Mjög líkur venjulegum birkikvisti nema dvergvasinn. Harðgerður en kelur lítillega. Hæð ca. 30 cm.



**Lágkvistur, *Spirea humilis*.**

Mjög fallegur lítill kvistur sem blómstrar bleikum blómum í lok sumars. Blöðin eru egglega og tennt. Runninn er harðgerður og verður ca. 30 cm.



### **Urðarmispill, *Cotoneaster cinnabarinus***

Jarðlægur runni sem þolir vel sendinn jarðveg og er tilvalinn í steinhæðabeð eins og það sem er í Kvenfélagsgarðinum. Snemma sumars blómstrar hann pínulitlum ljósbleikum blómum. Mjög lítil egglega laufblöð. Kelur ekkert. Hæð ca. 40 cm.



### **Þúfuvíðir 'Bústi', *Salix barrattiana* 'Bústi'.**

Mjög harðgerður, jarðlægur, breiðvaxinn víðirunni sem myndar þéttar þúfur. Dökkgrænt lauf og rauðir áberandi snemma vors. Þolir vel sendinn jarðveg og er tilvalinn í steinhæðabeð eins og það sem er í Kvenfélagsgarðinum. Hæð ca. 30 cm.



## **Fjölærar jurtir**

### **Dvergavör, *Ajuga reptans*.**

Alveg sérstaklega harðgerður fjölæringur sem blómstrar dökkbláu í júlí.



### **Fjallasóley, *Ranunculus alpestris*.**

Mjög harðgerð fjallajurt sem blómstrar hvítu í maí/júní.



**Rósasmæra, *Oxalis enneaphylla* 'Rosea'.**

Alveg sérstaklega harðgerður fjölæringur sem blómstrar einstaklega fallegum lillableikum blómum um hásumar.



**Stjörnuþlaðka, *Lewisia cotyledon*.**

Sérstaklega harðgerð fjölær jurtt sem þrífst í sendnum og snauðum jarðvegi. Blómstrar í júní en hægt er að fá hina ýmsu blómliti því mörg mismunandi yrki eru í boði.



**Kínavöndur, *Gentiana sino-ornata*.**

Sérstaklega harðgerður fjölæringur sem myndar fljótt skriðular breiður stjörnulaga blaða. Blómstrar skærbláu í lok sumars.



**Dílatvítönn, *Lamium maculatum* 'Beacon silver'.**

Í meðallagi harðgerður fjölæringur sem er duglegur að breiða úr sér. Kýs sendinn og þurran jarðveg, blómstrar ljósbleiku um hásumar. Til eru fleiri afbrigði.



Heimildir:

Eigin þekking, reynsla og glósur frá Ólafi Sturlu Njálssyni.

Trjágróður við sjávarsíðuna:

[http://www.geocities.ws/dagmar\\_thorisdottir/sjavarsidan.html](http://www.geocities.ws/dagmar_thorisdottir/sjavarsidan.html)

Lystigarður Akureyrar:

<http://www.lystigardur.akureyri.is/default.aspx?modID=1&id=1>

Patreksfirði, apríl 2013

Sigríður Ólög Sigurðardóttir, skrudgarðyrkjufraeðingur